



www.ibr.hi.is

VIÐSKIPTASIÐFERÐI OG EIGNASALA BANKANNA 2008

Hannes Hólmsteinn Gissurarson

Ritstjórar:

Auður Hermannsdóttir

Ester Gústavsdóttir

Kári Kristinsson

Vorráðstefna Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands:
Erindi flutt á ráðstefnu í mars 2014

Ritrynd grein

Reykjavík: Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands

ISSN 1670-8288

ISBN 978-9979-9933-4-6



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

VIÐSKIPTASIÐFERÐI OG EIGNASALA BANKANNA 2008

Hannes Hólmsteinn Gissurason, prófessor, Háskóli Íslands

SAMANTEKT

Falslaus kaup skulu föst vera, þau er einskis manns rétti er hrundið í. En hvenær er rétti manns hrundið í viðskiptum? Skólaspekingar töldu, að kaupmaður þyrfti ekki að skýra viðskiptavinum sínum frá væntanlegum viðburðum, sem gætu leitt til verðlækkunar vöru hans. Hins vegar mætti eigandi nauðsynjavöru ekki nýta sér tímabundna neyð annarra til að heimta óvenjuhátt verð fyrir hana. Þótt F. A. Hayek og R. Nozick séu báðir stuðningsmenn séreignarréttar og frjálsra viðskipta, taka þeir undir þetta. Í ljósi þessara sígildu sjónarmiða er hér greind skyndisala þriggja norræna fyrirtækja í eigu Glitnis haustið 2008. Að kröfu hins norska tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta var Glitnir Bank ASA seldur samtökum norskra sparisjóða 21. október 2008 fyrir 300 milljónir norskra kr. [5,6 milljarða ísl. kr. 2014]. Þremur mánuðum síðar mátu nýir eigendur bankann á tvo milljarða [37,6 milljarða ísl. kr.]. Hópur starfsmanna annars fyrirtækis Glitnis í Noregi, Glitnir Securities ASA, keypti það 12. október 2008 á 50 milljónir norskra kr. [940 milljónir ísl. kr.], en seldi viku síðar öðru fyrirtæki helmingshlut í fyrirtækinu fyrir sömu upphæð. Glitnir Pankki Oy í Finnlandi var seldur hópi starfsmanna 14. október 2008 fyrir €3.000 evrur [467 þúsund ísl. kr.], en í árslok 2008 var eigið fé hans talið €43 milljónir [7,6 milljarðar ísl. kr.]. Hann var seldur S-Pankki vorið 2013 fyrir um €200 milljónir [31 milljarðar ísl. kr.]. Tjónið af skyndisölu þessara þriggja eigna hefur líklega numið á bilinu 40–160 milljörðum ísl. kr., eftir því á hvaða tímakvarða er metið. Hér eru færð rök fyrir því, að þessi þrenn viðskipti hafi verið óréttlát.

INNGANGUR

Ein skorinorðasta lýsingin á viðskiptasiðferði er í íslenskum fornritum (Guðrún Ása Grímsdóttir, 1998, 45. k): „Bændur höfðu og það ritað í rollu, að öll falslaus kaup skyldu föst vera, þau sem einskis manns rétti væri hrundið í.“ Hér eru réttlátum viðskiptum sett þrjú siðferðileg skilyrði. Eitt er, að þau séu falslaus. Maður má ekki selja viðskiptavini svikna vöru. Orðið „hrossakaup“ um vafasöm viðskipti á til dæmis uppruna sinn í því, að prangarar reyndu að leyna göllum hrossa. Annað skilyrðið er, að einskis manns rétti sé hrundið í þeim. Skýrasta dæmið væri nauðung, þegar einn maður kúgar annan til kaupa með ofbeldi eða hótun um það. Annað dæmi væri, þegar viðskipti tveggja manna hafa í för með sér ósamþykkt og óbætt, jafnvel óbætanlegt, tjón þriðja aðila, svo sem mengun. Þriðja skilyrðið er, að kaupin að þessu tvennu fullnægðu skuli vera föst. Orð skuli standa. En hvenær eru kaup falslaus? Eða rétti einhverra hrundið í frjálsum viðskiptum? Á þetta reyndi í íslenska bankahruninu 2008, þegar ýmsir erlendir aðilar virtust nýta sér neyð hinna föllnu banka til að kaupa eignir þeirra afar lágu verði. Höfðu þeir siðferðilegan rétt til þess? Var aðeins um að ræða eðlileg og þess vegna réttlát viðskipti? Skoðum fyrst sígild siðferðileg sjónarmið, en snúum okkur síðan að íslenska bankahruninu.

KAUPMAÐURINN FRÁ ALEXANDRÍU

Rómverski lögfræðingurinn Cícero tók dæmi, þegar hagsýni virðist rekast á réttsýni. Hungursneyð er á eyggi Ródos, svo að korn selst þar háu verði. Kaupmaður siglir þangað frá Alexandríu á skipi, sem hlaðið er kornsekkjum. Hann veit, að fleiri kaupmenn eru á leiðinni, enda sér hann þannin segl skipa þeirra bera við sjóndeildarhringinn. Þarf hann að segja eyjarskeggjum frá því? Ef hann gerir það ekki, þá selst farmur hans óvenjuháu verði. Eins og Cícero minnti á, höfðu tveir Stóuspekingar velt þessu dæmi fyrir sér, Díógenes frá Babilóníu og nemandi hans, Antipater. Díógenes hafði haldið því fram, að kaupmanninum væri skylt að greina frá öllum göllum á vöru sinni, eins og lög gerðu ráð fyrir, en samt mætti hann reyna að fá sem hæst verð fyrir vöruna. Honum væri því ekki skylt að segja væntanlegum viðskiptavinum frá því, að keppinautar væru á leiðinni. Gera yrði greinarmun á því að leyna menn einhverju og hinu að upplýsa þá ekki af sjálfsdáðum um einhverjar aðstæður, sem kynnu að breyta mati þeirra. Antipater hafði svarað því til, að menn væru bundnir af siðalögmálum, sem þeim væru samgróin. Þeim væri skylt að taka tillit til hagsmuna annarra og þjóna heildinni. Þess vegna yrði kaupmaðurinn að segja frá því, að aðrir kaupmenn væru á leiðinni. Sjálfur tók Cícero (1913, 3. bók, XII–XIII) undir með Antipater.

Einn kunnasti heimspekingur miðalda, heilagur Tómas af Aquino, vék að þessu ágreiningsefni í *Summa theologica* (II, II, 77, 3): „Í því máli, sem hér er um að ræða, er varan talin verða miklu verðminni síðar meir, þegar fleiri kaupmenn koma, en kaupendur sjá komu þeirra ekki fyrir. Þess vegna virðist seljandinn ekki brjóta nein réttlætislögmál, ef hann selur vöru sína á því verði, sem er í boði fyrir hana, jafnvel þótt hann skýri ekki frá því, sem eigi eftir að verða. Ef hann gerir það hins vegar eða lækkar af sjálfsdáðum verðið á vöru sinni, þá er það mjög lofsvert siðferðilega. En honum virðist ekki vera skylt að gera það réttlætisins vegna.“ Heilagur Tómas gerir hér óvissu um framtíðina að úrslitaatriði. Kaupmaðurinn getur ekki verið viss um, að aðrir kaupmenn komi í brád. Honum er ekki skylt að upplýsa viðskiptavini sína um það, sem hann heldur sjálfur, að muni gerast. Kaup hans og eyjarskeggja, sem grunlausir eru um líklega komu annarra kaupmanna, virðast fullnægja settum skilyrðum: Þau eru falslaus, og einskis manns rétti er hrundið í þeim. Þau eru réttlát.

VATNSBÓLID Í VININNI

Hagsýni virðist einnig rekast á réttsýni í öðru alþekktu dæmi. Tuttugu vatnsból eru í eyðimerkurvin, öll í einkaeigu. Gnótt er þar vatns. Skyndilega þorna nítján vatnsbólanna upp. Má eigandi tuttugusta vatnsbólans setja upp geipihátt verð fyrir vatn sitt eða neyða aðra íbúa vinjarinnar til ýmislegs, sem þeim er þvert um gerð, í skiptum fyrir vatn? Sumir eindregnir séreignarsinnar, til dæmis bandaríski hagfræðingurinn Murray Rothbard, svara játandi. Maðurinn er óumdeildur eigandi vatnsbólans, og hann hefur engu valdið um það, að hin vatnsbólín þornuðu upp (en öðru máli gegndi, hefði hann átt þátt í því, eða hefði hann ólíkt öðrum gert sérstakar ráðstafanir til þess, að vatnsból sitt þornaði ekki upp). Varan, sem hann selur, er skyndilega orðin miklu verðmeiri en áður, og hann má nýta sér það. Hann neyðir engan til að kaupa af sér vatn. Raunar er eðlilegt, gætu hagfræðingar sagt, að verðið snarhækki, því að nú er þar ekki lengur gnótt vatns. Vinin er ekki lengur eins byggileg og hún var, þegar vatnsbólín voru tuttugu. Íbúarnir þurfa nauðsynlegar upplýsingar um breyttar aðstæður (Rothbard, 1998, bls. 221; Hamowy, 1961). En aðrir kunnir stuðningsmenn séreignarréttar, til dæmis Friedrich Hayek og Robert Nozick, svara neitandi. Hayek (1960, bls. 136) gerir það með þeim rökum, að eigandi vatnsbólans hafi öðlast einokunaraðstöðu um sölu vöru, sem öðrum sé lífsnauðsynleg. Honum sé siðferðilega skylt og eigi að vera lagalega skylt að misbeita ekki þessari aðstöðu. Nozick (1974, bls. 180) bendir hins vegar á, að samkvæmt kenningu sinni öðlist menn í upphafi séreignarrétt, vegna þess að þeir skerði ekki frelsi annarra með því. Maður, sem girðir af land

og ræktar, skerðir vissulega kosti annarra á að nýta það sérstaka land, en hann bætir þeim það upp með því, að landið gefur miklu meira af sér ræktað, svo að ótal tækifæri myndast fyrir aðra til að selja vöru eða þjónustu. En séreignarrétturinn er samkvæmt þessu bundinn því skilyrði, að frelsi annarra sé ekki skert, einskis manns rétti sé hrundið í kaupum. Ef eigandi vatnsbólans nýti aðstöðu sína til að setja kaupendum afarkosti, sé hann í reynd að kúga aðra. Viðskiptin séu óréttlát.

Dæmið af vatnsbólunni í eyðimerkurvininni má nota til að gera greinarmun á tveimur stjórnmalaskoðunum, sem stundum er ruglað saman, sérhyggju (propertarianism) og frjálshyggju (libertarianism). Samkvæmt sérhyggju hlýtur allt annað að víkja fyrir séreignarréttinum: Maður má nota þennan rétt sinn til að skerða svo kjör annarra, að flestir myndu kalla frelisskerðingu. Engu að síður telja sérhyggjumenn eins og Murray Rothbard, að slík viðskipti séu réttlát. Frjálshyggjumenn eins og Hayek og Nozick eru ósammála honum. Séreignarréttur er að þeirra dómi undir venjulegum kringumstæðum hagkvæmur og réttlátur. En þeir halda því fram, að við sérstök skilyrði, til dæmis neyðarástand, víki séreignarrétturinn fyrir réttlætinu. Þeir telja, að viðskipti, sem gerð eru við tímabundna neyð, þar sem einhver misbeitir aðstöðu sinni til að kúga aðra, séu hvorki réttlát né frjáls. Þá sé þeim rétti manna hrundið að þurfa ekki skyndilega og ófyrirsjáanlega að sæta afarkostum vegna aðstæðna, sem voru ekki þeirra sök. Heilagur Tómas af Aquino kemst í *Summa theologica* (1947, II, II, 66, 7) að sömu niðurstöðu og Hayek og Nozick: Þegar lífið er að veði eða bráð hætta á ferð, mega menn nota það, sem undir venjulegum kringumstæðum telst og á að teljast séreign annarra. Dæmi um þetta gætu verið í umsátri um borg, sem óvinaher reynir að svelta til uppgjafar, eða um borð í björgunarbát, þar sem skammta þarf vistir. Hver er þá munurinn á vatnsskortinum í eyðimerkurvininni og matarskortinum á Rhodos? Sá, að kaupmaðurinn frá Alexandríu leggur það á sig að sigla út í Ródos. Eyjarskeggjar mega vera honum þakklátir fyrir að færa þeim korn. Hann er ekki granni þeirra, heldur aðkomumaður. Ekki er fullvíst, hvort aðrir komi með korn, þótt kaupmaðurinn hafi sjálfur ástæðu til að ætla það. En fullvíst er hins vegar, ef eyjarskeggjar hrifsa af kaupmanninum kornið, að þá munu aðrir kaupmenn verða tregir til að sigla út í eyna.

BANKAHRUNIÐ ÍSLENSKA 2008

Víkur nú sögunni til íslensku viðskiptabankanna þriggja. Þeir störfuðu eins og aðrir viðskiptabankar á Vesturlöndum við brotaforðakerfi (fractional reserve banking). Það merkir í stystu máli, að banki getur tekið við tíu innlánnum upp á 100 þúsund krónur hvert inn í bankann, samtals einni milljón króna, en lánar síðan út margfalda þá upphæð í trausti þess, að innstæðueigendurnir tíu taki ekki allir í einu út innstæður sínar. Ef áhlaup er gert á bankann vegna þess, að innstæðueigendur treysta honum ekki lengur, fær hann oft staðist það með þrautavarálanum seðlabanka. Verði banki þrátt fyrir það gjaldþrota, geta innstæðueigendur sótt bætur í sérstaka tryggingarsjóði innstæðueigenda, sem bankar mynda saman. Það er síðan alkunna, að eignir banka eða tryggingar fyrir útlánnum eru misjafnlega mikils virði eftir árferði. Í kreppu snarfalla þær í verði, en hækka, þegar uppgangur er. Þess vegna skiptir miklu máli, þegar bankar lenda í þroti, að þurfa ekki að selja eignir þeirra í skyndi, heldur geta beðið eftir hagstæðum tilboðum. Þegar skuldasöfnun bankanna erlendis hófst af alvöru árið 2004, nutu þeir þess í nokkur ár, að íslenska ríkið hafði gott lánshæfismat hjá alþjóðlegum matsfyrirtækjum. Bankarnir gátu því fengið lán á góðum kjörum og uxu hratt (Ásgeir Jónsson, 2009). Alþjóðleg lánsfjárfesta skall hins vegar á haustið 2008. Þá kom í ljós, að íslensku viðskiptabankarnir þrír höfðu vaxið erlendis langt umfram það, sem Seðlabankinn eða hinn íslenski tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta höfðu bolmagn til að styðja, ef og þegar í harðbakkann slægi. Seðlabankinn gat að vísu veitt bönkunum eins há lán í krónum og þurfa þætti, því að hann gat prentað krónur beint eða óbeint. En hann átti takmarkaðan gjaldeyrisforða. Hann gat ekki prentað dali, pund eða evrur.

Örlög íslensku viðskiptabankanna kunna því að hafa verið ráðin strax 24. september 2008, þegar bandaríski seðlabankinn tilkynnti, að hann hefði gert gjaldeyrisskiptasamninga að upphæð tíu milljarðar dala við seðlabanka Svíþjóðar og að upphæð fimm milljarðar dala við seðlabanka Noregs og Danmerkur hvorn um sig (Federal Reserve Board, 2008a). Greinendur á fjármálamarkaði hlutu að taka eftir því, að ekki var um leið gerður sambærilegur samningur við Seðlabanka Íslands. Fimm dögum síðar tilkynnti bandaríski seðlabankinn, að hann hefði aukið möguleika norrænu seðlabankanna þriggja til gjaldeyrisskipta í \$30 milljarða fyrir hinn sænska [3.369 milljarða íslenskra króna árið 2014] og \$15 milljarða [1.684 milljarða íslenskra króna] fyrir hinn norska og hinn danska hvorn um sig (Federal Reserve Board, 2008b). Þegar innstæðueigendur gerðu áhlaup á íslensku bankana fyrstu vikuna í október, jafnframt því sem aðrir lánardrottnar þeirra gjaldfelldu skuldir, féllu þeir allir þrír á tveimur dögum, 7.–8. október 2008. Vegna gjaldeyrisskiptasamninganna við bandaríska seðlabankann gátu seðlabankar Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs hins vegar veitt viðskiptabönkum í heimalöndunum fyrirgreiðslu í erlendum gjaldeyri og í sumum tilvikum bjargað þeim frá falli, til dæmis Danske Bank í Danmörku (TV2, 2012). Eftir fall íslensku bankanna tók ríkið að sér rekstur bankanna til bráðabirgða, og stefnt var að því að gera upp bú þeirra erlendis hið bráðasta, selja eignir og greiða skuldir. Misjafnt var eftir löndum, hvort eignir og skuldir íslensku bankanna voru í innlendum dótturfélögum eða útbúum frá íslenska bankanum. Einnig var mjög misjafnt, hvernig búin voru gerð upp. Í Svíþjóð veitti sænski seðlabankinn til dæmis sænska Kaupþingi fimm milljarða sænskra króna [87 milljarða íslenskra króna] bráðabirgðalán 8. október, svo að ekki þyrfti að selja eignir á „brunaútsölu“ (Riksbanken, 2008). Í Bretlandi veitti Englandsbanki útbúi Landsbankans £100 milljóna punda bráðabirgðalán [18 milljarða íslenskra króna] 13. október 2008 í sama skyni (Jones, 2008). Öðru máli gegndi í Noregi og Finnlandi.

SALA GLITNIR BANK ASA Í NOREGI

Glitnir hafði fyrir fall talsverð umsvif í Noregi. Bankinn hafði keypt tvo norska banka, Kredittbanken í Álasundi 2004 og BNbank í Þrándheimi 2005. Kaupverðið var samtals 3,4 milljarðar norskra króna. Félögin voru sameinuð snemma árs 2008, og hét hið sameinaða félag Glitnir Bank ASA. Félagið átti lögheimili í Noregi og laut því norskum lögum, gaf út skráð skuldabréf á norskum markaði, og náðu skuldbindingar hins norska tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til þess. Þegar móðurfélagið á Íslandi féll 7. október 2008, lokaðist lánalína frá því til norska dótturfélagsins, sem tilkynnti óðar norska fjármálaeftirlitinu, að það byggist við lausafjárvara. Norski Glitnir leitaði einnig til norska seðlabankans um bráðabirgðalán. Seðlabankinn neitaði um slíkt lán, en vísaði bankanum á hinn norska tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Fjármálaeftirlitið norska skýrði tryggingarsjóðnum frá því, að bankinn ætti fyrir skuldum, og mælti með, að hann fengi bráðabirgðalán, uns varanleg lausn hefði fundist, en með því var átt við sölu bankans. Bókfært eigið fé bankans í septemberlok 2008 var 3,1 milljarður norskra króna [58 milljarðar íslenskra króna 2014]. Stjórn tryggingarsjóðsins, sem skipuð var fulltrúum úr norsku fjármálaráði, ákvað 8. október að opna fimm milljarða norskra króna [94 milljarða íslenskra króna 2014] lánalínu til norska Glitnis í nokkra daga, en á meðan skyldi freista fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins, sölu þess, svo að hún gætti átt sér stað eigi síðar en 19. október (Bankenes Sikringsfond 2009; Myklebust, 2014). Lánalínan var fjármögnuð af norska seðlabankanum, en til tryggingar voru fasteignalán Glitnis í Noregi. Blaðamaður *Morgunblaðsins* (Þórður Snær Júlíusson, 2009d) kvað skilanevnd Glitnis á Íslandi hafa fengið skýr skilaboð um, að lánalínan yrði ekki framlengd. Skilanevnd Glitnis á Íslandi fékk norska fyrirtækið Arctic Securities til að sjá um sölu norska Glitnis (Myklebust, 2014). Blaðamaður *Morgunblaðsins* (Þórður Snær Júlíusson, 2009a) kvað starfsmenn Arctic Securities hafa tilkynnt hugsanlegum kaupendum, að norsk stjórnvöld myndu ekki samþykkja sölu bankans, nema væntanlegir kaupendur gætu lagt fram eða bent á 15 milljarða norskra króna [282 milljarða íslenskra

króna] í baktryggingar. Þetta var sú upphæð, sem þyrfti hugsanlega að snara út, ef eigendur skuldabréfa í bankanum vildu allir fá þau greidd vegna eigendaskipta (Þórður Snær Júlíusson, 2009a). Hvorug þessara skilaboða eru þó nefnd í skýrslu, sem nefnd á vegum norska tryggingarsjóðsins samdi um sölu íslensku bankanna í Noregi (Bankenes Sikringsfond, 2009). Talsmaður norska tryggingarsjóðsins kveðst aðspurð ekki heldur vita af neinum slíkum skilaboðum (Myklebust, 2014).

Finn Haugan sparisjóðsstjóri var stjórnarformaður hins norska tryggingarsjóðs instæðueigenda og fjárfesta. Strax eftir að sjóðurinn veitti norska Glitni bráðabirgðalánið, hófu nokkrir sparisjóðir undir forystu Haugans að undirbúa kauptilboð í Glitni. Haugan vék af stjórnarfundi sjóðsins 19. október, þegar ákveðið var að mæla með því við skilanevnd Glitnis á Íslandi að selja samtökum sparisjóðanna norska Glitni. Á stjórnarfundinum var upplýst, að út úr bankanum hefðu flætt 1,5 milljarðar norskra króna, og var því talið, að fimm milljarða lánalínan, sem þegar var virk, nægði bankanum til að verjast áhlaupi. Var hún framlengd til 22. október. Skilanevnd Glitnis á Íslandi samþykkti síðan sölu bankans 21. október, og greiddu samtök sparisjóðanna 300 milljónir norskra króna [5,6 milljarða íslenskra króna] fyrir hann, einn tíunda hluta af bókfærðu eigið fé hans í septemberlok 2008. Nafni bankans var strax aftur breytt í BNbank. Lánalínan frá tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta var framlengd, fyrst til 5. nóvember og síðan til 30. nóvember (Bankenes Sikringsfond, 2009). Þremur mánuðum síðar, í janúar 2009, var bankinn í bókum kaupenda metinn á tvo milljarða norskra króna [37,6 milljarða íslenskra króna]. Kaupendurnir höfðu því grætt að minnsta kosti 1,7 milljarða norskra króna [32 milljarða íslenskra króna] á þremur mánuðum. Blaðamaður *Morgunblaðsins* (Þórður Snær Júlíusson, 2009a) spurði Finn Haugan um kaupin. „Það gat hver sem er boðið í þennan banka og þó nokkrir gerðu það. Hæsta tilboðið var 300 milljónir,“ svaraði hann. (Þetta var ekki nákvæmt, því að aðeins eitt kauptilboð barst að lokum á tilsettum tíma, þótt ýmsir aðilar sýndu kaupunum áhuga; Bankenes Sikringsfond 2009; Myklebust 2014.) Haugan sagði enn fremur: „Vegna þeirra vandræða sem Glitnir átti í gat hann ekki stutt lengur við bankann í Noregi. Norski bankinn var hins vegar aldrei í vandræðum og allir vissu það. En þar sem móðurfélag gat ekki stutt dótturfélag þurfti að selja dótturfélagið.“ Blaðamaður *Morgunblaðsins* (Þórður Snær Júlíusson, 2009b) spurði einnig Árna Tómasson, formann skilanevndar Glitnis, um kaupin, og kvað hann skilanevndina ekki hafa vitað af tengslum Haugans við tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, þegar hún tók kauptilboði samtaka sparisjóðanna. Það hefði hins vegar verið mat nefndarinnar, að skárri væri að selja bankann lágu verði en taka hann til gjaldþrotaskipta. Kaupendurnir voru hinir ánægðustu. Vorið 2009 var tilkynnt, að Finn Haugan hefði fengið sérstakan kaupauka að upphæð 540 þúsund norskra króna [10,2 milljónir íslenskra króna] fyrir árið 2008 (NRK Trøndelag, 2009).

SALA GLITNIR SECURITIES Í NOREGI OG GLITNIR PANKKI Í FINNLANDI

Glitnir átti fleiri félög í Noregi. Eitt þeirra var verðbréfafyrirtækið Glitnir Securities ASA, sem áður hafði heitið Norse Securities, en Glitnir keypti það 2005. Það félag hafði vorið 2007 greitt Sveinung Hartung, framkvæmdastjóra fasteignalána í DnB NOR Markets, 25 milljónir norskra króna til að færa sig yfir til Glitnir Securities (Smaalenene, 2007). Strax og íslenski Glitnir féll 7. október 2008, hóf Hartung tilraunir til að kaupa bankann, sem hafði þá bókfært eigið fé að upphæð um 200 milljónir norskra króna [3,7 milljarðar íslenskra króna]. Hartung sagði 10. október í viðtali við blað í heimahéraði sínu, að fyrirtækið yrði keypt á „sanngjörnu“ (rimelig) verði, og hrósaði hann skilanevnd Glitnis á Íslandi fyrir „sveigjanleika“ (smidighet) í samningum (Smaalenene, 2008). Kaupin urðu að veruleika 12. október, og var verðið trúnaðarmál, en blaðamaður *Morgunblaðsins* (Þórður Snær Júlíusson, 2009c) kvað það hafa verið 50 milljónir norskra króna [940,7 milljónir íslenskra króna], fjórðungur af bókfærðu eigið fé fyrirtækisins. Átta dögum síðar seldu hinir nýju eigendur

hellingshlut í fyrirtækinu, 50,01% til norsks fjármálafyrirtækis, RS Platou ASA. Verðið var trúnaðarmál, en blaðamaður *Morgunblaðsins* (Þórður Snær Júlíusson, 2009c) kvað það hafa verið 50 milljónir norskra króna. Hafa þessar tölur ekki verið rengdar. Með öðrum orðum eignaðist starfsmannahópurinn helling í stóru fjármálafyrirtæki án þess að greiða fyrir hann eina einustu krónu. Virði fyrirtækis fór á einni viku úr 50 milljónum norskra króna í 100 milljónir [1,9 milljarð íslenskra króna]. Það hefur eflaust auðveldað viðskiptin, að Glitnir Securities og RS Platou ASA voru bæði með bækistöðvar í sama húsi, Haakon VII's gate 10 í Osló, hvort á sinni hæð. „Við skoðuðum ýmis fyrirtæki, og það er skemmtilegt, að við skyldum detta niður á fyrirtækið, sem hafði skrifstofu á hæðinni fyrir ofan okkur,“ sagði forstjóri Glitnir Securities, Karl Otto Eidem, sem tók þátt í kaupunum með Sveinung Hartvedt (Nettavisen, 2008). Fyrirtækin tvö voru síðan sameinuð undir nafninu RS Platou Markets ASA.

Glitnir átti einnig fyrirtæki í Finnlandi. Hann hafði 5. febrúar 2007 keypt finnskan fjárfestingarbanka, FIM, fyrir €341 milljónir (Cision, 2007). Nafninu var breytt í Glitnir Pankki Oy, en félagið hafði áfram lögheimili í Finnlandi. Það laut finnskum lögum, og skuldbindingar hins finnska tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta náðu til þess. Í árslok 2007 var bókfært eigið fé finnska Glitnis €108 milljónir [16,8 milljarðar íslenskra króna] (FIM, 2008, bls. 2). Eftir fall Glitnis á Íslandi 7. október 2008 lagði finnska fjármálaeftirlitið mjög hart að skilanevnd Glitnis að selja strax finnska félagið, þótt það ætti ekki við neina lausafjárþurrð að stríða (NN, 2014), en starfsmenn eftirlitsins hafa ekki svarað skriflegum fyrirspurnum höfundar, svo að það hefur ekki fengist staðfest. Viku eftir hrúnið, 14. október 2008, seldi skilanevnd Glitnis á Íslandi samtökum, sem starfsmenn höfðu snarlega myndað, félagið fyrir smáræði, €3.000 [467 þúsund íslenskar krónur]. Starfsmennirnir breyttu nafninu strax aftur í FIM, og í árslok 2008, tveimur og hálfum mánuði eftir að félagið hafði verið selt á €3.000, var bókfært eigið fé félagsins €43 milljónir [6,7 milljarðar íslenskra króna] (FIM, 2008, bls. 2). Í desember 2008 gekk fyrirtækið í Samtök um finnskt framtak, *Suomalaisen Työn Liitto*, sem lögðu áherslu á finnskan uppruna aðildarfyrirtækja, og fékk bankinn leyfi til að nota merki samtakanna (FIM, 2008, bls. 3). Í árslok 2009 hafði bókfært eigið fé þokast upp í €49,8 milljónir [7,8 milljarða íslenskra króna] og í árslok 2010 upp í €50,6 milljónir [7,9 milljarða íslenskra króna] (FIM, 2010, bls. 1). Eftir að starfsmennirnir höfðu rekið FIM í nokkur ár, seldu þeir félagið 28. maí 2013 finnska bankanum S-Pankki, sem rekinn er af finnsku samvinnuhreyfingunni (Kinnunen, 2013). Verðið var trúnaðarmál, en heimildarmaður (NN, 2014) segir, að það hafi verið €200 milljónir samtals [31,2 milljarðar íslenskra króna] og að eftir söluna hafi margir starfsmannanna selst í helgan stein til að njóta söluhagnaðar síns. Bókfært eigið fé hafði samkvæmt því fjórfaldast frá því í árslok 2009.

ÓRÉTTLÁT VIÐSKIPTI?

Nú var lífið ekki að veði í þessum þremur dæmum. Þau gerðust hvorki í borg, sem óvinaher sat um, né um borð í björgunarbát. Engu að síður voru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi, og kalla mátti ástandið á Íslandi haustið 2008 neyðarástand. Voru þessi þrenn viðskipti, kaupin á Glitnir Bank ASA og Glitnir Securities ASA í Noregi og Glitnir Pankki Oy í Finnlandi, óréttlát? Og ef svo var, hver framdi þá óréttlætið? Og hver varð fyrir því? Svörin fara eftir ýmsu. Skoða þarf, hvort hin tímabundna neyð seljandans var af annarra völdum. Þótt sænski seðlabankinn hefði veitt Kaupþingi í Svíþjóð bráðabirgðalán til að afstýra skyndisölu eigna, neitaði norski seðlabankinn að veita Glitnir Bank ASA slíkt lán. Var hann þó norskur banki. Hinn norski tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta veitti þess vegna bráðabirgðalánið, sem var aðeins til mjög skamms tíma. Seðlabankinn, tryggingarsjóðurinn og fjármálaeftirlitið lögðu hart að skilanevnd Glitnis að selja bankann sem allra fyrst. Hvers vegna lá þessum aðilum svo miklu meira á en sænska seðlabankanum? Einnig þarf að

skoða, hvort um óeðlileg hagsmunatengsl hafi verið að ræða. Þótt Finn Haugan hafi lýst sig vanhæfan til að afgreiða mál Glitnis Bank ASA á stjórnarfundum norska tryggingarsjóðsins 19. október og vikið af fundi, var hann þrátt fyrir allt stjórnarformaður sjóðsins og áreiðanlega þess vegna í góðu og nánú sambandi við aðra stjórnarmenn og við starfsmenn sjóðsins og væntanlega líka við norska seðlabankann og fjármálaeftirlitið. Ekki verður um það deilt, að verðið fyrir bankann var óvenjulágt, enda hækkaði hann í bókhaldi hinna nýju eigenda úr 300 milljónum norskra króna í októberlok 2008 í tvo milljarða norskra króna í janúar 2009. Nærtækt er að álykta, að unnt hefði verið að selja norska Glitni fyrir tvo milljarða norskra króna [37,6 milljarða íslenskra króna] í janúar 2009, hefði norskur seðlabankinn ekki neitað bankanum um bráðabirgðalán, uns um hægðist.

Einnig virðist hafa verið um óeðlileg hagsmunatengsl að ræða í dæmi Glitnir Securities ASA, þótt þau væru annars eðlis. Ólíklegt er, að samtök starfsmannanna, sem Sveinung Hartvedt veitti forystu, hefði keypt Glitnir Securities ASA 12. október án þess að hafa vissu fyrir því, að þau gætu selt hluta fyrirtækisins til RS Platou ASA. Þetta fólk starfaði allt í sama húsi og þekktist vel, eins og fram kom í viðtölum (Nettavisen, 2008). Fyrirtækið var talið 100 milljón norskra króna [1,9 milljarða íslenskra króna] virði, viku eftir að það hafði verið selt á 50 milljónir norskra króna. Hinir norsku kaupendur geta ekki sagt: „Við vorum eins og kaupmaðurinn frá Alexandríu, sem seldi á hæsta verði án þess að beita neinu óréttlæti.“ Þeir vissu það, þegar þeir keyptu fyrirtækið, að það var miklu meira virði, og þeir höfðu líklega þá þegar öruggan kaupanda að helmingshlut í fyrirtækinu. Dæmið af finnska Glitni er ekki eins augljóst, því að tengsl kaupenda við finnska fjármálaeftirlitið, sem lagði að sögn hart að skilanevnd Glitnis að selja fyrirtækið umsvifalaust, blasa ekki við. En hvers vegna veitti finnski seðlabankinn fyrirtækinu ekki bráðabirgðalán, svo að hann héldi einhverju af verðmæti sínu? Var það vegna þess, að hann og aðrar finnskar stofnanir, svo sem fjármálaeftirlitið, vildu koma fyrirtækinu í finnskar hendur? Úr því verður ekki skorið með vissu, en víst er, að fyrirtæki, sem var €200 milljóna [31,2 milljarða íslenskra króna] virði 2013, var selt 2008 á €3.000 [467 þúsund íslenskra króna]. Nú kunna hinir finnsku kaupendur að segja: „Glitnir varð að selja dótturfélag sitt í Finnlandi, og við vorum einu kaupendurnir, sem voru reiðubúnir að taka við fyrirtækinu. Þess vegna erum við eins og kaupmaðurinn frá Alexandríu, ekki eins og eigandi eina vatnsbólsins í eyðimerkurvininni. Við misbeittum ekki aðstöðu okkar.“ Eitt svar við þessu sjónarmiði er, að máli skipti, hvort fjármálaeftirlitið finnska hafi beitt valdi sínu í vil starfsmönnum og með vitund þeirra og vilja. Ef svo var, þá voru kaupin tvímælaust óréttlát. Hvað sem því líður, varð bú Glitnis í þessum dæmum áreiðanlega af um 41 milljörðum íslenskra króna, og er þá miðað við, að fyrirtækin hefðu öll verið seld árið 2009, en til frádráttar kemur kaupverðið í skyndisöllum. Hefðu þau verið seld fjórum áður síðar, eins og hið finnska var, hefðu norsku fyrirtækin tvö hugsanlega verið fjórfalt meira virði en í árslok 2008, eins og finnski bankinn reyndist vera. Í stað þess að hækka í verði á nokkrum vikum um 33 milljarða íslenskra króna, frá skyndisölu til bókfærðs mats, hefðu þau þá selst fyrir 132 milljarða króna. Þá hefði mátt meta samanlagt tjónið af skyndisölu þessara þriggja fyrirtækja um 160 milljarða íslenskra króna, þótt sú tala sé auðvitað enginn endanlegur sannleikur og ef til vill í of mikið lagt. Fórnarlömb óréttlætisins voru aðallega tvö, annars vegar lánardrottinn bús Glitnis, sem urðu áreiðanlega af stórfé, og hins vegar stjórnendur gamla Glitnis, sem fengu á sig orð fyrir fljótfærni af þeirri ástæðu, að eignir fyrirtækis þeirra voru seldar langt undir raunvirði, eftir að þær voru ekki lengur í umsjá þeirra.

NIÐURSTÖÐUR

Setjum svo að lokum rökræðunnar vegna, að opinberir aðilar í Noregi og Finnlandi, seðlabanki, fjármálaeftirlit og tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, hafi ekki haft nein óeðlileg hagsmunatengsl við kaupendur eigna Glitnis í þessum löndum. Ákvarðanir þeirra hafi ef til vill verið

misráðnar, en teknar í góðri trú. Geta hinir norsku og finnsku kaupendur þá ekki sagt eins og kaupmaðurinn forðum frá Alexandríu, að þeir hafi aðeins tekið besta tilboðinu eins og vera ber í viðskiptum? Þegar nánar er að gáð, er svo ekki. Kaupendurnir komu ekki frá útlöndum með vöru, sem sár þörf var fyrir. Þeir voru miklu frekar eins og þeir ættu eina vatnsból, sem ekki hafði þornað upp í eyðimerkurvininni. Skyndileg og sár lausafjárþurrð var á Norðurlöndum eins og annars staðar í heiminum. Kaupendurnir notuðu aðstöðu sína, aðgang sinn að lausafé, til þess að kaupa óvenjulágu verði vatnsból, sem þeir vissu, að hafði þornað upp um stundarsakir, en myndi brátt gefa af sér gnótt vatns. Þeir nýttu sér tímabundna neyð viðskiptavinar síns, gamals granna. Þeir kúguðu í raun eiganda vatnsbólsins, Glitni á Íslandi, til að selja sér það á verði, sem var langt frá því að vera sanngjarnt, eins og sést best á því, að Glitnir Bank ASA hækkaði í verði úr 300 milljónum norskra króna í tvo milljarða á þremur mánuðum, Glitnir Securities úr 50 milljónum norskra króna í 100 milljónir á einni viku og Glitnir Pankki Oy úr €3.000 í €49 milljónir á einu ári og í €200 milljónir á innan við fimm árum. Álykta verður, að þessi kaup séu öll óréttlát í skilningi heilags Tómasar af Aquino, Hayeks og Nozicks og sennilega flestra annarra heimspekinga, óháð því, hvort opinberir aðilar í Noregi eða Finnlandi hafi aðstoðað kaupendur.

HEIMILDIR

- Ásgeir Jónsson. (2009). *Why Iceland?* New York: McGraw Hill.
- Bankernes sikringsfond. (2009, 9. nóvember). Evaluering av håndteringen av krisen i Glitnir Bank ASA og Kaupthing Bank hf NUF. Sótt 27. janúar 2014 af <http://www.banknessikringsfond.no/no/Hoved/Nyheter/Evaluering-av-krisen-hosten-2008/>
- Cicero, M. T. (1913). *De officiis*. Þýð. (á ensku) Walter Miller. Cambridge: Harvard University Press.
- Cision (2007). Glitnir acquires majority in the listed FIM group in Finland. Press release 5 February. Sótt 27. janúar af <http://news.cision.com/no/fim/r/glitnir-acquires-majority-in-the-listed-fim-group-in-finland,c257025>
- Federal Reserve System. (2008a). *Press Release 24 September 2008*. Sótt 27. janúar 2013 af <http://www.federalreserve.gov/newsevents/press/monetary/20080924a.htm>
- Federal Reserve System. (2008b). *Press Release 29 September 2008*. Sótt 27. janúar 2013 af <http://www.federalreserve.gov/newsevents/press/monetary/20080929a.htm>
- FIM. (2008). *Translation of Financial Statements Release. FIM Group Financial Statements Bulletin*. Helsinki: FIM. Nú óaðgengilegt á Netinu, en pdf-skjal í vörslu höfundar.
- FIM. (2010). *Translation of Financial Statements Release. FIM Group Financial Statements Bulletin*. Helsinki: FIM. Nú óaðgengilegt á Netinu, en pdf-skjal í vörslu höfundar.
- Guðrún Ása Grímsdóttir (ritstjóri). (1998). *Árna saga biskups, Biskupa sögur, III*. (1–212). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Hamowy, R. (1961). Hayek's Concept of Freedom: A Critique. *New Individualist Review*, 1(1), 28–31.
- Hayek, F. A. (1960). *The Constitution of Liberty*. London: Routledge, 1960.
- Jones, S. (2009). Iceland: Landsbanki gets £100m loan to pay UK depositors. *Guardian* 14 October. Sótt 27. janúar af <http://www.theguardian.com/money/2008/oct/14/savings-banking>
- Kinnunen, T. (2013). Finland's S-Pankki to buy financial group FIM. Reuters 26 May. Sótt 27.

- janúar af <http://www.reuters.com/article/2013/05/28/finland-spankki-idUSL5N0E912E20130528>
- Myklebust, S. (2014). Tölvuskeyti 18. febrúar 2014 til að svara spurningum höfundar til hins norska tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, Bankernes sikringsfond.
- Nettavisen. (2008, 17. október). Skipsmegler kjøper Glitnir Securities. Sótt 27. janúar 2014 af <http://www.nettavisen.no/na24/2311413.html>
- NN. (2014). Heimildarmaður úr íslenska bankakerfinu, sem vill ekki láta nafns síns getið. Tölvuskeyti frá honum til höfundar 28. janúar og 2. febrúar.
- Nozick, R. (1974). *Anarchy, State and Utopia*. New York: Basic Books.
- NRK Trøndelag. (2009, 6. apríl). *Bankdirektør får bonus*. Sótt 27. janúar 2013 af <http://www.nrk.no/trondelag/bankdirektor-far-bonus-1.6557551>
- Riksbanken. (2008, 8. október). Pressmeddelande: Riksbanken ger likvitetsstöd till Kaupthing. Sótt 27. janúar af <http://www.riksbank.se/sv/Press-och-publicerat/Pressmeddelanden/2008/Riksbanken-ger-likviditetsstod-till-Kaupthing-Bank-Sverige-AB/>
- Rothbard, M. (1998). *Ethics of Liberty*. New York: New York University Press.
- Smaalenene. (2007, 18. júní). *25 millioner for å bytte jobb*. Sótt 27. janúar af <http://www.smaalenene.no/nyheter/article2831975.ece>
- Smaalenene (2008, 10. október). *Mysen-mann kjøper Glitnir Securities*. Sótt 27. janúar af <http://www.smaalenene.no/nyheter/article3845200.ece>
- Thomas Aquinas (1947). *Summa theologiae*. Þýð. enskir svartbræður [Fathers of the English Dominican Province]. New York. Benziger Bros.
- TV2 (26. nóvember 2012). *Sikke en fest*. Sótt 27. janúar 2013 af <http://finans.tv2.dk/nyheder/article.php/id-60667554:danske-bank-var-tæt-på-afgrund.html>
- Þórður Snær Júlíusson. (2009a). Seldur á brot af raunvirði, *Morgunblaðið* 21. janúar.
- Þórður Snær Júlíusson. (2009b). Vissu ekki um stöðu Haugan, *Morgunblaðið* 24. janúar.
- Þórður Snær Júlíusson. (2009c). Eignuðust helming Glitnir Securities frítt á átta dögum, *Morgunblaðið* 29. janúar.
- Þórður Snær Júlíusson. (2009d). Norskir kaupendur fengu lán framlengt. *Morgunblaðið* 4. febrúar.